



Aðalfundur Siglingaklúbbsins Þyts

Fundargerð

Haldinn 31. janúar 2014 klukkan 20:00 að Strandgötu 88

Fundarstjóri er kosinn Egill Kolbeinsson og Hörður Páll Guðmundsson kosinn ritari.

1. Ragnar Hilmarsson formaður fer yfir skýrslu stjórnar.
Skýrsla stjórnar samþykkt.
2. Ragnar Hilmarsson segir frá vinnukvöldum sem haldin verða á hverju miðvikudagskvöldi fram á vor, frá kl 20:00 til 22:00
3. Áskell Fannberg gjaldkeri fer yfir skýrslu gjaldkera.
Friðrik Friðriksson gerir athugasemd um bókfært verðmæti félagsaðstöðunnar ásamt því að hrósa gjaldkera fyrir vel unnin störf í sambandi við langtímaskuldir.
Fundarstjóri spyr um haldbært fé.
Skýrsla gjaldkera samþykkt.
4. Kosning stjórnar
Ragnar Hilmarsson var kosinn áframhaldandi formaður og Hörður Páll Guðmundsson, Áskell Fannberg og Jón Vignir Daníelsson kosnir áfram í stjórn.
5. Kosning skoðunarmanna
Þórður Helgasson og Daníel Helgasson kosnir skoðunarmenn reikninga og varamaður Friðrik Friðriksson.
6. Kosning mótastjórnar.
Egill Kolbeinsson og Friðrik Friðriksson kosnir í mótastjórn.
7. Árgjaldi vísað til stjórnar ásamt kosningu um fulltrúa á ÍBH þingi og Sílfingi.
8. Önnur mál
 - 8.1 Friðrik Friðriksson spyr um framtíð Þyts í þjálfun, og hvort stjórn hafi stefnu um hvernig bæta skal klúbbstarfið.



Svar formanns: Halda áfram að kynna siglingar fyrir skólabörnum í Hafnarfirð. Stefnt er að því að bjóða öllum 11 ára krökkum Hafnarfjarðar í heimsókn 2014 og kynna fyrir þeim siglingar, ásamt því að halda áfram „siglingaskólanum“, sem er nokkurskonar stökkpallur til þess að fá börn til þess að æfa siglingar.

Gunnar Geir fór yfir brottfall kænusiglara hjá Þyt.

8.2. Daníel Helgason biður um kynningu á húsnæðisdeilunni.

Formaður svara með kynningu og fer yfir stöðuna.

Egill Kolbeinsson fer með sögu byggingar á félagsheimili Þyts.

8.3 Gunnar Geir minnir á að klúbburinn verður 40 ára 2015. Kemur með tillögu um að stjórn setji saman afmælisnefnd. Og segir frá að Þytur mun sjá um íslandsmót kjölbáta 2015.

Fundi slitið.